

## Akurtraðir

Athugasemdir.

Eftirfarandi athugasemdir við örnefnaskrá Akurtraða voru skráðar samkvæmt símtali við Þorkel Gunnarsson, Akurtröðum, 27. júní 1990.

Kaldilækur (4) kemur úr uppsprettu með köldu og góðu vatni.

Engin varða er nú á Vörðuleiti (10).

Gamlar rústir og garðar voru neðan við Garðahlíð (12), þar sem Gömlu-Þórdísarstaðir (11) voru.

Smábroddur af Bjarnarhafnarfjalli kemur fram undan Eyrarfjalli, þar sem nefnd er Broddaleið (33).

Þar sem heitir Eftir Urðagarði (34), ber leiðina í svokallaða Urð í Stöðinni. Hún myndar þar hrygg.

Reykjavík 27. júní 1990

Guðrún S. Magnúsdóttir